

Nd.

538. Frumvarp

til laga um breyting á ýmsum lagaákvæðum, er varða fasteignaveðslán landbúnaðarins.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. KAFLI

Búnaðarbanki Íslands.

1. gr.

Orðið „bústofnslánadeild“ í 3. gr. laga nr. 31 frá 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands, falli burt.

2. gr.

14. gr. sömu laga orðist svo:

Stofnsjóð veðdeildar Búnaðarbankans skal ávaxta í bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, eftir því sem viðlagasjóðslánin greiðast og við verður komið, og hefir stjórn Búnaðarbankans heimild, með samþykki landbúnaðarráðherra, að verja allt að helmingi af vaxtatekjum hans til greiðslu vaxta af öðrum vaxtabréfum veðdeildarinnar, ef nauðsynlegt þykir vegna útlánsvaxta deildarinnar.

3. gr.

39. gr. sömu laga orðist svo:

Landbúnaðarráðherra er heimilt að taka allt að 5 millj. króna lán, innanlands eða utan, á ábyrgð ríkisins, til kaupa á bankavaxtabréfum veðdeildarinnar, með þeim kjörum, að ríkissjóður verði að líkindum skaðlaus af.

4. gr.

40. gr. sömu laga falli burt.

5. gr.

IV. kafli sömu laga (Bústofnslánadeild) falli niður.

II. KAFLI

Ræktunarsjóður.

6. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, komi nýr liður, er verði 5. liður, svo hljóðandi:

Það af Viðlagasjóði Íslands, sem er fram yfir eign veðdeildar Búnaðarbanka Íslands eins og hann telst 1. jan. 1935.

7. gr.

Í stað orðanna „flokkur var opnaður“ í lok 3. gr. sömu laga komi: flokknum var lokað.

8. gr.

Í stað $3\frac{1}{2}\%$ í 6. gr. sömu laga komi: $2\frac{1}{2}\%$.

9. gr.

Aftan við c-lið 9. gr. sömu laga bætist: og baktryggingu frá lántakanda, er stjórn sjóðsins tekur gilda.

10. gr.

13. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Á eftir „áburðargryfja“ í c-lið greinarinnar komi: og gróðrarhúsa.
- b. Í stað „20“ í c-lið komi: 30 — og í stað „25“ í d-lið komi: 35.

11. gr.

16. gr. sömu laga breytist þannig:

- a. Á eftir orðunum „tryggingarláni úr Ræktunarsjóði“ komi: er seljandi skyldur að tilkynna sjóðnum eigendaskipti.
- b. Í stað orðanna „þá er stjórn sjóðsins“ komi: og er stjórn sjóðsins þá.

12. gr.

19. gr. sömu laga breytist svo:

- a. Í stað „15“ í fyrstu málsgrein komi: 13.
- b. Orðin „til 20 ára“ í 1. málsgrein falli burt.
- c. Í stað „6%“, „ $5\frac{1}{2}\%$ “ og „6%“ komi: 5%, $4\frac{1}{2}\%$ og 5%.

13. gr.

Í stað „ákveðnum“ í 21. gr. sömu laga komi: næsta.

14. gr.

Fyrri málsgrein 27. gr. sömu laga orðist svo:

Fé ómyndugra manna og opinberra stofnana og sjóða, þar á meðal Kirkjujarðasjóðs, Bjargráðasjóðs, sjóðs Brunabótafélags Íslands, svo og annara sjóða, er standa undir vörzlu ríkisins, skal að nokkrum hluta verja til að kaupa vaxtabréf Ræktunarsjóðs, og ákveður landbúnaðarráðherra árlega upphæðina, eftir að hafa kynnt sér reikningsskil viðkomandi sjóða.

Ákvæði til bráðabirgða.

15. gr.

Heimilt er stjórn Búnaðarbanka Íslands að lengja lánstíma þeirra lána, sem Ræktunarsjóður hefir þegar veitt, í samræmi við breytingu þá, sem felst í lögum þessum, ef þess er óskað af lántakendum.

16. gr.

28. gr. sömu laga orðist svo:

Stjórn Búnaðarbanka Íslands hefir á hendi stjórn Ræktunarsjóðs samkv. lögum nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

17. gr.

29., 30. og 32. gr. sömu laga falli burt, og greinatalan breytist samkv. því.

18. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal fella þau inn í meginmál laga nr. 17 frá 13. júní 1925, um Ræktunarsjóð Íslands, og gefa þau síðan út í einu lagi.

III. KAFLI

Ýmsar ráðstafanir vegna fjárfreppunnar.

19. gr.

4. gr. laga nr. 79 19. júní 1933, um heimild til ýmissa ráðstafana vegna fjárfreppunnar, orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að greiða úr ríkissjóði þann hluta af vöxtum af fasteignaveðslánum bænda, sem er fram yfir 5%.

Heimild þessi nær til greiðslu vaxta af stofnlánum frystihúsa og mjólkurbúa, enda séu þau eign samvinnufélaga bænda eða sýslufélaga. Á sama hátt heimilast ríkisstjórninni að greiða til Ræktunarsjóðs 1% af þeim ræktunarsjóðsbréfum, sem eru í eign annara en Búnaðarbanka Íslands.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er undirbúið og samið af þrem mönnum, er landbúnaðarráðherra fól að athuga möguleika á vaxtalækkun landbúnaðarlána síðastliðið haust. Hefir landbúnaðarnefnd yfirfarið það og athugað og breytt í nokkrum atriðum. Sömuleiðis hefir hún bætt við það 3. kaflanum. Einstakir nefndarmenn hafa óbundin atkvæði um ýmsa liði frumvarpsins.

Í hendur nefndarinnar fylgdu frumvarpinu svo hljóðandi athugasemdir:

„Í septembermánuði síðastliðnum var okkur undirrituðum, ásamt Brynjólfi Stefánssyni tryggingafræðingi, falið að athuga leiðir til lækkunar á vöxtum fastra landbúnaðarlána (fasteignaveðslána). Höfum við athugað mál þetta frá ýmsum hliðum og orðið ásáttir um tillögur þær, sem fram eru bornar í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Fyrsta verk okkar var að athuga, hve mikið fé væri bundið í hinum einstöku flokkum landbúnaðarlána, eftir því sem næst yrði komið, og fengum við mikinn og auðunninn fróðleik um það í skýrslum og skjölum bændanefndar þeirrar, er undirbjó kreppulánalöggjöfina haustið 1932. Niðurstaða þessara athugana var sem hér segir:

1. Í Landsbanka Íslands veðdeildarlán	ca.	2500 þús.
2. Í Búnaðarbankanum veðdeildarlán	—	1500 —
3. Í — Ræktunarsj.	—	5300 —
4. Í — Byggingar- og landnámssj.	—	1900 —
5. Í Söfnunarsjóði	—	1200 —
6. Lán með sparisjóðskjörum (hrein og blönduð fasteignaveðslán i bönkum og sparisjóðum)	—	5600 —
7. Ýms önnur lán í kirkjujarðasjóði o. fl.	—	800 —
Alls ca.		18800 þús.

Lán skjör i flokkum þessum eru sem hér segir:

- 1) Lán í veðdeild Landsbankans eru með 4—5½% vöxtum, en auk þess eru meiri og minni afföll, sem lántakendur eru þegar búnir að taka á sig.
- 2) Lán í veðdeild Búnaðarbankans eru með 6½% vöxtum. (Þau lán voru veitt affallalaus).
- 3) Ræktunarsjóðslánin eru með 6% vöxtum.
- 4) Lán Byggingar- og landnámssjóðs eru með 5% ársgreiðslu.
- 5) Söfnunarsjóðslánin eru með 6% vöxtum.
- 6) Sparisjóðslánin yfirleitt með vixilvöxtum allt að 7½%.
- 7) Ýms lán með 4—5% vöxtum.

Það má hiklaust fullyrða um meginhluta þeirra lána, sem hér eru talin, að þau eru svo dýr, að mjög örðugt er fyrir landbúnaðinn að ávaxta þau, þegar til lit er tekið til þeirrar verðlækkunar, sem verið hefir á afurðum landbúnaðarins hin síðari árin, eftir að meginþorri þeirra hefir verið tekinn, og er nú mikið ósamræmi orðið á milli afrakstrar lánsfjárins og þeirra framleiðslutækja, sem hann er bundinn í. Sömuleiðis er orðið ósamræmi milli hinna föstu lána og

veltufjárins (víxla o. þ. h.), en föstu lánin eru venjulega mun ódýrari, vegna þess að þau eru að jafnaði miklu betur tryggð, þó lánstíminn sé að vísu lengri.

Nú eru t. d. ýms fasteignalán komin upp í og jafnvel yfir hæstu víxilvexti. Það er því bæði nauðsyn og réttlæti að færa þau mikið niður frá því, sem er. En hitt er þó fljótséð, að örðugleikarnir við það eru miklir og næstum ósigrandi í jafnfjármagnsfátæku landi og hér, þar sem eftirspurnin eftir peningum er næstum óþrjótandi, og næstum því hve háir sem vextirnir eru.

Það er t. d. kunnugt, að rikistryggð verðbréf með 5% vöxtum (veðdeildarbréf) hafa undanfarin ár verið seld hér með 20—30% afföllum á frjálsum markaði. Að bæta á ríkið auknum erlendum lánnum til verðbréfakaupa, má teljast neyðarúrræði á þessum tímum, þó sennilega verði ekki hægt að komast hjá því að einhverju leyti, auk þess sem þesskonar lán hafa til þessa ekki fengist undir 6% vöxtum, ef frá er talið lán það, er á þessu ári var tekið í Englandi til konverteringar á rikisláninu frá 1921, og nokkur smálán, sem tekin voru á sama ári.

En þar sem ekki verður hjá því komið, eins og að framan er sagt, að gera nokkra tilraun til vaxtalækkunar fyrir landbúnaðinn, ef hann á ekki að sligast fullkomlega undir þunga þess lánsfjár, er á honum hvílir, verður að gripa til opinberra ráðstafana til þess að létta þá byrði.

Nú hefir með lögum um Kreppulánasjóð, frá árinu 1933, verið gerð allrótæk ráðstöfun til að lækka vexti og bæta kjör á hinum svokölluðu lausu skuldum bænda, þar sem miklum hluta þeirra er þegar breytt og verður breytt í föst lán með 4% vöxtum til margra ára, auk þess hluta þeirra, sem algerlega hefir verið niður felldur. En sú löggjöf hefir ekki snert hin föstu lán að öðru leyti en því, að nokkrum, en þó litlum hluta þeirra hefir þegar verið breytt í kreppulánasjóðslán og litilsháttar fellt niður, og auk þess hefir með sérstökum lögum frá þinginu 1933, um heimildir til ýmissa ráðstafana vegna fjárkreppunnar, stjórninni verið gefin heimild til að greiða úr rikissjóði þann hluta af vöxtum fasteignalána, sem er fram yfir 4½%. Þetta hefir ríkisstjórnin gert, og hefir fjöldi bænda fært sér þetta í nyt. Með sömu lögum hefir Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka verið gefin heimild til að veita greiðslufrest á afborgun lána af veðdeildar-, Ræktunarsjóðs- og Byggingar- og landnámssjóðslánnum. Stjórn Búnaðarbankans hefir notað heimild þessa og veitt afborgunarfrest á fjölda lána, en hinsvegar ekki stjórn Landsbanka Íslands. Heimildin um afborgunarfrestinn nær yfir 5 ár, en heimildin til vaxtatillagsins einungis árin 1933 og 1934, og er því útrunnin eftir næsta gjalddaga lánanna. Það má því ekki dragast að gera frambúðarráðstafanir til vaxtalækkunar á hinum föstu lánnum, eftir því sem við verður komið, því að þeir bændur, sem mest höfðu af lánnum sínum í föstum lánnum fyrir kreppuna, hafa ekki getað orðið aðnjótandi kreppulánanna nema að litlu leyti, og eru því orðnir verr settir en hinir.

Verður nú farið nokkrum orðum um hvern framangreindan lánaflokk fyrir sig.

1) *Veðdeild Landsbankans.* Við veðdeildarlánin sáum við ekkert unnt að eiga, þar sem vextir þeirra eru skaplegir, eða 4½—5½%, eins og að framan er sagt. Þó að lánin hafi verið raunverulega dýr, vegna affallanna við sölu

bréfanna, þá verður ekki við það átt, þar sem lántakendur hafa þegar tekið á sig þann hlutann. Ársgreiðslur þeirra lána eru 6,23% á 40 ára lánum og 6.88% á 30 ára lánum.

2) *Veðdeild Búnaðarbankans*. Þar eru vextir 6½%, en þau lán voru veitt affallalaus, eins og áður er sagt. Sú leið, sem okkur hefir helzt dottið í hug til að létta þau, er að láta stofnsjóð veðdeildarinnar (viðlagasjóð) taka á sig nokkurn hluta vaxtalækkunarinnar, eins og síðar mun bent á. Leggjum við því til, að það verði ½%—1% af þeim lánum, sem veitt hafa verið úr 1. flokki deildarinnar.

3) *Ræktunarsjóður*. Þar eru vextir 6% og lánstími 5—25 ár. Ársgreiðslur eru þar 23,4% af 5 ára lánum, 13,58% af 10 ára lánum, 10,3% af 15 ára lánum, 8,72% af 20 ára lánum, og 7,82% af 25 ára lánum. Undantekning eru aðeins þau lán, sem eftir eru af Ræktunarsjóði hinum eldra, að upphæð rösk ½ millj. með 4%. Leggjum við til, að lánavextir Ræktunarsjóðs hins nýja lækki um 1%. Til þess að ná því, verður að lækka vexti af bréfum Ræktunarsjóðsins, öllum sem eru í opinberri eign, um hið sama, eða 1%, og sömuleiðis af höfuðstól Ræktunarsjóðs. Nú eru í umferð 2740000 í bréfum. Af þeim á rikissjóður 904000, Landsb. 735000, Búnaðarb. 136000, Brunabótasjóður 100000, eða alls 1875000. Það, sem þá er eftir, ca. 700000, er eign annara tryggingarféлага, og teljum við ekki fært að lækka vexti af bréfum þeirra, og yrði sjóðurinn að taka á sig þá vaxtalækkun. En á þennan hátt mætti lækka vexti af lánum sjóðsins um 1%. Eins og áður er sagt, er lánstími Ræktunarsjóðs hæst 25 ár, þar sem veðdeildarlán Búnaðarbankans og Landsbankans eru 30—40 ár. Þetta gerir ársgreiðslur sjóðsins þyngri en ef lánstíminn væri lengri. Þess vegna leggjum við til, að gefin verði heimild til að lengja hann á öllum höfuðlánaflokkunum um allt að 10 ár, og sömuleiðis af lánum þeim, sem þegar eru veitt, ef lánþegar óska, þó þannig, að útdrætti verði lokið innan þess tíma, sem ákveðinn er í jarðræktarbréfum samkv. reglugerð sjóðsins. Sú breyting ein gæti haft í för með sér nokkra lækkun á ársgreiðslum, og gætu þá ársgreiðslur af lánum Ræktunarsjóðs lækkað um 1,7% við báðar þessar breytingar, og yrðu þá 6,11%.

Um áframhaldandi starfsemi sjóðsins er þetta að segja: Nú er að mestu lokið þeim tekjumöguleikum, sem Ræktunarsjóði eru ætlaðir samkv. lögum sjóðsins frá 1925.

Til þess að tryggja honum áframhaldandi tekjur, höfum við lagt til að skylda nokkra opinbera sjóði til bréfakaupa fyrir nokkurn hluta árstekna sinna, eftir ákvörðun landbúnaðarmálaráðh., með tilliti til aðstæðna sjóðanna og þörf Ræktunarsjóðs til bréfakaupa. Bréf þessi gerum við ráð fyrir að gæfu 4½% í vexti. Það, sem þá vantaði á til að fullnægja þörf sjóðsins til starfsfjár, yrði að fá með sölu vaxtabréfa á frjálsum markaði. En þar sem búast má við, að sú sala yrði óhagstæðari sjóðnum, eins og nú er háttað með bréfasölu, má gera ráð fyrir, að það yrði að ganga út yfir höfuðstól sjóðsins, til þess að lán hans þyrftu ekki að fara yfir 5%. Vegna þessa leggjum við til, að Ræktunarsjóður fái til fullrar eignar þann hluta Viðlagasjóðs, er Bústofnslána-deild er ætlaður samkv. lögum um Búnaðarbanka Íslands. Sú deild er ekki

starfrækt enn og litlar likur til, að nokkurntíma verði horfið að því að starfrækja hana. Fyrst er það, að nú þegar er mikill hluti af búfé bænda veðsettur Kreppulánasjóði, og verður lengi, og í annan stað verður það að teljast neyðarúrræði fyrir bændur að veðsetja bústofn sinn, og þau veð eru einhver hin ótryggustu fyrir hverja lánsstofnun.

Við leggjum því til, að þessi umrædda deild verði felld úr búnaðarbankalögunum.

4) *Lánskjör Byggingar- og landnámsjóðs* eru hin beztu fasteignalánskjör, sem hér eru fáanleg, og sjáum við okkur ekki unnt að breyta neinu þar um.

5) *Söfnunarsjóðslánin* eru með 6% vöxtum, og leggjum við til, að þau verði færð niður í 5% með lagabreytingu. Sjóðir þeir, sem þar eru ávaxtaðir, fá mestan hluta þeirra vaxta, vegna þess hve starfræksla sjóðsins er ódýr, og virðist það sæmilegir vextir af innlánsfé.

6) Þá eru eftir þau fasteignaveðslán, hrein og blönduð, sem standa í sparisjóðum og sparisjóðsdeildum bankanna. Samkv. áður umgetnum skýrslum munu þau um 6 millj. króna. Allmiklum hluta af þessum lánnum verður og er þegar breytt í kreppusjóðslán, og virðist mega gera ráð fyrir, að það verði ekki minna en um 2 millj. króna. Þá eru þar eftir um 4 millj. Þetta eru tvímælalaust örðugustu fasteignaveðslánin, þar sem þau bera flest fulla vixilvexti og eru auk þess samkvæmt eðli sínu aðeins veitt til skamms tíma, venjul. 10 ára, þó að nokkur framlenging umfram það eigi sér stað í framkvæmdinni. Það er því hin fyllsta nauðsyn að fá þeim sem fyrst breytt í ódýrari og lengri lán. Eina ráðið til þess virðist vera það, að opna nýjan veðdeildarflokk eða flokka við Búnaðarbankann. En á því eru ef til vill hvað mestir örðugleikarnir, sökum hins lága verðs á islenzkum verðbréfum á frjálsum markaði. Það yrði þá eina úrræðið að taka lán til kaupa á bréfum hinna nýju flokka, og má búast við, að lán til þess, með aðgengilegum kjörum, fengist ekki, nema helzt utanlands. Af þessum ástæðum leggjum við til, að landbúnaðarmálaráðh. verði gefin heimild til að taka allt að 5 millj. kr. lán innanlands eða utan til kaupa á bréfum hinna nýju flokka. En þar sem hinsvegar engin vissa er fyrir því, að slík lán fengjust með þeim kjörum, að útlán gætu orðið það ódýr, sem nauðsyn væri á, leggjum við til, að heimilt sé að láta stofnsjóð veðdeildarinnar, sem er hluti af Viðlagasjóði, létta nokkuð vexti hinna nýju veðdeildarlána.

Er það tillaga okkar, að stofnsjóðurinn verði óskoruð eign veðdeildarinnar hér eftir, til styrktar starfsemi hennar í framtíðinni, í stað þess, að samkvæmt núgildandi lögum á að greiða rikissjóði vexti af honum þegar varasjóður deildarinnar er búinn að ná vissu hámarki.

7) *Ýms sjóðalán*. Lán þessi eru með þeim kjörum, að við sjáum ekki tók á að breyta þeim til batnaðar.

Alþingi, 5. okt. 1934.

Bjarni Ásgeirsson.

Páll Zóphóniasson.“